

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 241/2023

2024/EES/35/52

frá 22. september 2023

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/827 frá 11. október 2022 um tæknilega eftirlitsstaðla um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 að því er varðar fyrirframsamþykki fyrir lækkun eiginfjárgrunns og kröfur tengdar gerningum vegna hæfra skuldbindinga <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14aa (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 0827**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/827 frá 11. október 2022 (Stjtið. ESB L 104, 19.4.2023, bls. 1).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/827, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Pascal Schafhauser**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 104, 19.4.2023, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.